

við frv. til áfengisлага.

Frá Páli Zóphóniassyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
Tilgangur laga þessara er að vinna gegn áfengisneyzlu í landinu og því böli, sem af henni leiðir.
2. Við 3. gr. Orðin „sem hefur inni að halda meira en 2¼% af vínanda að rúm-máli“ síðast í greininni falli burt.
3. Við 4. gr.
 - a. Upphaf greinarinnar orðist svo: Nú kemur skip eða flugvél frá útlöndum.
 - b. Á eftir orðunum „höfn, er skip“ í 2. málsg. bætist: eða flugvél.
 - c. Síðasti másl. 3. málsg. falli niður.
 - d. Orðin „og óinnsiglaðan skipsforða áfengis“ í 4. málsg. falli niður.
 - e. 5. málsg. falli niður.
 - f. Á eftir orðunum „herskipa eða“ í síðustu málsg. bætist: erlendra.
4. Við 8. gr. Í stað „Menningarsjóð“ komi: áfengisvarnasjóð.
5. Við 9. gr. Aftan við greinina bætist: Óheimilt er að gefa nokkurn afslátt af hinu ákveðna útsöluverði.
6. Við 11. gr. 2. töluliður falli niður.
7. Við 12. gr. Greinin falli niður.
8. Við 13. gr. Greinin orðist svo:
Áfengisverzlun ríkisins og útsölur hennar mega aðeins afhenda áfengi gegn staðgreiðslu.
Ákvæði þessarar greinar gilda þó ekki um sölu vínanda til lyfsala og lækna, sem rétt hafa til lyfsölu samkvæmt lögum þessum.
9. Við 14. gr.
 - a. Orðin „eða banna vinveitingar á veitingastöðum, sem leyfi hafa til áfengis-veitinga“ í síðari málsg. falli burt.
 - b. Tveir síðustu másl. gr. falli burt.
10. Við 15. gr. Orðin „og veitingar“ í 1. málsg. falli niður.
11. Við 18. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo: Með þeirri undantekningu, sem í 10. og 11. gr. segir.
12. Við 20. gr. Greinin orðist svo:
Bannað er að neyta áfengis í veitingastofum eða veitingatjöldum, þar sem almennar veitingar fara fram.
Lögreglustjóri má þó veita félögum manna leyfi til áfengisveitinga í félags-herbergjum eða almennum veitingastöðum. Slík leyfi má þó einungis veita í veizlum, samsætum eða öðrum þess háttar samkvæmum innanfélagsmanna og félagsgеста þeirra og þó því aðeins, að sýnt sé, að félagsskapurinn í heild eða einstakir þátttakendur í honum hafi ekki hagnað af.
Vinveitingaleyfi samkvæmt þessari grein má ekki veita skemmtifélögum né til vinneyzlu í samkvæmum, sem ætla má, að til sé stofnað í tekjuskyni fyrir félagið, veitingahúsið né einstaklinga.
13. Við 25. gr. Greinin orðist svo:
Leiki vafi á því, hvort sakborningur samkvæmt þessum kafla sé undir áhrifum áfengis, er dómara skylt, ef tók eru á, að láta lækni framkvæma blóð-rannsókn, er skerir úr um málið.
14. Við 31. gr. Í stað „3%“ komi: 2%.
15. Við 32. gr. Greinin falli niður.
16. Við 33. gr. Greinin falli niður.
17. Við 39. gr. Greinin falli niður.
18. Við 41. gr. Greinin falli niður.
19. Við 48. gr. Í stað „Menningarsjóð“ komi: áfengisvarnasjóð.